



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Fyrirkomulag strætómiða fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustufarir

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 21. desember 2022 óskaði velferðarráð eftir því að velferðarsvið kynni fyrirkomulag varðandi strætómiða fyrir notendur þjónustu við heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustufarir.

Greinargerð:

Hópur heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir hefur átt mjög erfitt með að nýta sér almenningssamgöngur eftir að strætisvagnamiðar voru aflagðir. Strætó hefur samþykkt að gefa út strætómiða til hagsbóta fyrir umræddan hóp. Fyrirkomulag verður með þeim hætti að Vesturmiðstöð sér um að panta miðana sem dreift verður til neyðarskýla fyrir karla og konur og Vettvangs- og ráðgjafateymis Vesturmiðstöðvar. Gestir skýlanna og þjónustuþegar Vettvangs- og ráðgjafateymis fá miðana afhenta eftir þörfum þannig að þeir geti sótt sér lækniþjónustu og nálgast önnur úrræði.

Almennt gjald í Strætó er 550 kr. Reykjavíkurborg niðurgreiðir strætisvagnafargjöld fyrir aldraða og öryrkja um 70% eða um 385 kr. Mismunur af fargjaldi fyrir hvern miða verður bókaður hjá neyðarskýlunum eða 165 kr. fyrir hvern miða. Ekki er vitað að svo stöddu hver kostnaðaraukinn verður fyrir neyðarskýlin þar sem að óvíst er um þann fjölda sem mun nýta sér strætómiðana.